



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klambrar

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	5
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	6
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	8
2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	8
2.2 Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:.....	8
2.3 Þróunarverkefni Menntastefnu Reykjavíkurborgar.....	9
2.4 Vináttuverkefnið Blær.....	9
2.5 Gæðamálörvun í daglegu starfi.....	10
2.6 Tónlist, myndlist og upplýsingatækni.....	11
2.7 Lubbi finnur málbein.....	11
2.8 Umbóta þættir skólaárið 2023-2024.....	12
2.8.1 Stjórnun.....	12
2.8.2 Uppeldis og menntastarf.....	13
2.8.3 Leikskólabragur.....	13
2.8.4 Innra mat.....	14
2.8.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar.....	14
2.9 Innra mat leikskólastjóra.....	15
2.9.1 Stjórnun.....	15
2.9.2 Uppeldis og menntastarf.....	16
2.9.3 Leikskólabragur.....	17
2.9.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar.....	18
2.10 Ytra mat.....	19
2.10.1 Viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla.....	20
2.10.2 Niðurstöður þjónustukönnunar foreldra.....	21
3 Innra mat deilda fyrir skólaárið 2022-2023.....	32
3.1 Hlið.....	32
3.1.1 Uppeldis- og menntastarf.....	33



3.2 Holt.....	35
3.2.1 Uppeldis- og menntastarf.....	37
3.3 Tún	38
3.3.1 Uppeldis- og menntastarf.....	40
3.4 Teigur.....	42
3.4.1 Uppeldis- og menntastarf.....	44
3.5 Dalur	47
4 Innra mat sérkennslu	55
4.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	55
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	57
4.2 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023.....	57
4.3 Umbóraáætlun – Fjöltyngi 2022-2023.....	58
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	60
6.1 Starfsdagar og önnur fræðsla.....	60
6.1.1 Starfsdagar.....	60
6.1.2 Fræðsla.....	61
6.1.3 Námskeið.....	61
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	62
8 Foreldrasamvinna.....	63
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	65
9.1 Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 verða	65
9.2 Skóladagatal	66
10 Fylgigögn Fylgiskjal 1.....	67
10.1 Starfsáætlanir deilda.....	67
10.1.1 Hlíð.....	67
10.1.2 Holt.....	70
10.1.3 Tún, Teigur og Dalur (samvinna milli deilda)	71
10.1.4 Upplýsingatækni.....	73



10.1.5 Myndlist.....	74
10.1.6 Tónlist.....	75
10.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	78
Umsögn foreldraráðs:	80
10.3 Fylgiskjal 3 Dagskipulag.....	82
10.4 Fylgiskjal 4 Föstudagslagið	82
10.5 Fylgiskjal 5 skóladagatal.....	84



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans

Starfsgleði og jákvæðni

Við sköpum börnunum gleðiríkt umhverfi þar sem þau finna starfsgleði sína í leiknum. Kennarar skuldbinda sig til þess að vinna að því af heilum hug að björtu hliðarnar ráði ríkjum til þess að nám barnanna verði þroskandi, gefandi og skemmtilegt.

Gagnrýnin og skapandi hugsun

Við bjóðum börnunum upp á leikefni sem gefur þeim tækifæri til þess að njóta meðfæddra hæfileika sinna til þess að skapa leikinn sjálf. Því er lítið um hefðbundin leikföng sem fela í sér fyrir fram gefnar lausnir.

Öryggi og traust

Umhverfi leikskólans er skapað þannig að börnin finni til öryggis. Einstaklingurinn fær að njóta sín innan hópsins og kennarinn fylgist grannt með þörfum og líðan hvers barns. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli heimilis og skóla.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2022-2023 hefur verið mjög viðburðaríkt skólaár. Það voru miklar breytingar sem blöstu við skólastjórnendum í byrjun skólaársins þar sem mikið var um mannabreytingar í lok skólaársins á undan. Sumarfrí stjórnenda fór að hluta til í að auglýsa eftir starfsfólki og taka starfsviðtöl. Þrátt fyrir að ráðið hefði verið í sumar stöður þá var leikskólinn ekki fullmannaður á haustönn og þar af leiðandi ekki fullsetinn.

Mönnunarvandi var forsenda þess að við buðum leikskólanum Hlíð sem var á hrakhólum haustið 2022, eina deild hjá okkur, sem þau þáðu með þökkum. Ein deild af leikskólanum Hlíð, deildinn Laki flutti inn í leikskólann Klambra frá október og fram til áramóta 2023. Þegar Laki flutti svo í Safamýrina urðu um 10 börn eftir frá leikskólanum Hlíð. Þess má geta að samstarfið milli starfsmanna, foreldra og barna á þessum tíma var verulega virðingarvert, allir hjálpuðust að á þessum erfiða tíma til að gera þessi umskipti sem auðveldust fyrir börnin á Hlíð sem gátu ekki lengur farið í leikskólann sinn. Það má því segja að þessi haustönn 2022 hafi verið samfélagslegt verkefni þar sem allir í leikskólanum voru þátttakendur að aðstoða vini sína í vanda.

Vorið 2023 tók á móti með meiri kulda en við höfum áður verið að glíma við síðastliðin ár í leikskólanum. Minna var um útiveru og meira var um verkefni inni. Haldnir voru tónleikar fyrir foreldra auk þess sem meiri áhersla var lögð á að fá foreldra í hús. Það er stefna leikskólans að auka foreldrasamstarf á næsta skólaári.

Það voru ýmis verkefni sem leikskólinn tók þátt í á síðastliðnu skólaári eins og Barnamenningar hátíð þar sem elstu börnin sungu í Hörpu ásamt leikskólabörnum af Höfuðborgarsvæðinu. Þrír nemar frá Háskóla Íslands komu í starfsnám á vorönn. Nemendur úr Háteigsskóla komu þrisvar í viku í leikskólavali sem er á vegum Háteigsskóla. Við fengum 10 kennaranema frá New York í heimsókn. Það komu 20 skólastjórar frá Slóveníu að kynna sér starfshætti leikskólans og að lokum fengum við heimsókn frá 6 starfsmönnum úr kennsluþjálfunar verkefni frá Valencia á Spáni.

Sú heimsókn sem stendur upp úr á skólaárinu sem er að líða er heimsókn frá skóla og frístunda sviði en Árelía og Helgi Ás komu og færðu leikskólanum Hvatningarverðlaun skóla og frístundasviðs fyrir tónlistarverkefnið sem við höfum verið að vinna að.



Skólaárið sem er að líða er búið að vera mjög krefjandi skólaár, margir þættir hafa haft áhrif á starfið í leikskólanum eins og t.d. sú staðreynd að mikið hefur verið um umgangspestir í vetur eftir COVID. Mönnunn hefur reynst flókinn. Veðurfar hefur verið einkennilegt auk þeirrar háværu umræðu um húsnæðismál leikskóla og innritunn yngstu barna hefur haft samfélagsleg áhrif inn í leikskólann.

Í leikskólanum Klömbrum höfum við reynt að halda uppi jákvæðri orku og gera okkur dagamun við hvert tækifæri og munum við halda því áfram, þar sem uppbrot gera lífið alltaf áhugaverðara. Fyrstu ár barna eru mikilvæg og er það hagur okkar allra að hlúa að komandi kynslóð. Tölum jákvætt um skólastarf, finnum leiðir þegar upp koma verkefni og reynum að njóta líðandi stundar. Stígum inn í næsta skólár með jákvæðnina að leiðarljósi.

Með kærri kveðju

Anna Björk Marteinsdóttir
Leikskólastjóri Klambra



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Skólaárið fer m.a. í hald áfram að innleiða uppbyggingastefnuna Uppeldi til ábyrgðar sem mun fléttast saman við Klambraandann okkar sem og menntastefnuþættina félagsfærni og sjálfseflingu. Vináttuverkefnið Blær mun spila stórt hlutverk í vinnu okkar með áðurnefnda þætti. Allar deildir fara af stað með svipuð verkefni byggð á áherslum úr uppbyggingarstefnunni uppeldi til ábyrgðar og menntastefnu Reykjavíkurborgar sem verður útfært í samræmi við þroska og aldurs nemendanna. Þar að auki munum við vinna með íslenska máhljóðaverkefnið Lubba.

Umbótaþættir starfsársins 2023-2024 eru annars vegar unnir út frá því innra mati sem gert var á síðasta starfsári og áherslupáttum menntastefnu Reykjavíkur hins vegar.

Til að styrkja enn frekar fagmennsku starfsmannahóps Klambra mun allt endurmat fara fram á sameiginlegum fundum og þar að auki hjá stjórnendateymi.

2.2 Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:

Uppbyggingarstefnan Uppeldi til ábyrgðar er mannúðarstefna sem miðar að því að ýta undir sjálfsaga barna og þjálfa þau í að læra af mistökum sínum með því að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Það skiptir máli að allir þekki hlutverk sitt og finni að þér séu mikilvægir. Uppeldi til ábyrgðar miðar að því að ýta undir sjálfsaga, ábyrgð, sjálfsstjórn og að börnin læri af mistökum sínum. Hlutverk starfsmanna er m.a. að ýta undir jákvæð samskipti. Vinnuaðferðinni er einnig ætlað að styðja starfsmenn leikskólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og aga mál.

Þarna gefst tækifæri að flétta saman vinnu með börnunum á sama tíma og verið er að efla starfsmannahópinn sem eina heild og vinna að sama markmiði.



2.3 Þróunarverkefni Menntastefnu Reykjavíkurborgar

Þessu skólaári verður haldið áfram með vinnu við að efla sjálfseflingu og félagsfæri í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það á vel við þar sem uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar leggur ríka áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum og hvetur til sjálfstæðrar hugsunar.

Sjálfsefling:

Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Mikilvægi félagsfærni og sjálfseflingu er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilningi og myndmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga og styrkleikum barna. Að geta tjáð sig með góðu móti er einn af lyklum félagsfærni.

2.4 Vináttuverkefnið Blær

Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, mun verða sem rauður þráður í gegnum allt skólaárið.



Nokkrir starfsmenn Klambra hafa nú þegar sótt námskeið sem mun verða styrkur í að gera þetta verkefni að markvissu og skilvirku kennslugagni bæði í tengslum við innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar sem og vinnu okkar með félagsfærni og sjálfsefningu. Hugmyndafræði og gildi verkefnisins byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og því er það mikilvægt að verkefnið skuli vera samofið öllu skólastarfi. Markmið verkefnisins er að allir í Klömbrum, jafnt ungir sem aldnir eigi góð samskipti og tileinki sér jákvæð viðhorf. Með þessu sköpum við góðan staðarbrag þar sem börnin fá að njóta sín í vinnu sem byggir þau upp til að takast á við þau verkefni sem býður þeirra að leikskóladvöl lokinni.

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins Blæs endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða fjölbreytileikann innan hópsins.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

2.5 Gæðamálörvun í daglegu starfi

Verkefni sem MML, miðja máls og læsis, hafa lagt fram til stuðnings við máltöku barna á leikskólum og til að hjálpa þeim ná betri tókum á málinu. Þetta verkefni er ekki síst mikilvægt hér á Klömbrum þar sem fjölmeningin er mikil. Veggspjald frá MML verður



sýnilegt öllu starfsfólki inn á deildum þar sem allir eru hvattir til að temja sér þau vinnubrögð sem þar eru sett fram en þau eru:

- Settu orð á alla hluti og athafnir
- Endurtaktu oft
- Barn þarf að heyra rétt mál
- Farðu inn í leik barns eða barna
- Vertu í augnhæð barnsins
- Bíddu eftir viðbragði (svari) barns
- Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir

2.6 Tónlist, myndlist og upplýsingatækni

Unnið verðu áfram með þessa þrjá þætti en með öðru sniði en unnið hefur verið, megin áhersla verður á eldri börn skólans þ.e. börn sem fædd eru 2018, 2019 og 2020. Yngri börnin fá einnig kennslu í þessum greinum en með öðru sniði, reynt verður að færa þeirra kennslu meira inn á deildarnar og vefja kennsluna í gegnum leikinn.

2.7 Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein er málörvunarverkefni sem byrjað var að vinna með á Klömbrum haustið 2022. Starfsmenn fóru á Lubba námskeið þar sem var kynnt fyrir þeim námsefnið og hvernig væri hægt að nýta það í daglegu starfi til að auka gæða málörvun. Bókin Lubbi finnur málbein er rauði þráður verkefnisins og er unnið út frá henni. Bókin er hugsuð til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára.

Í bókinni er hvert hljóð táknað með há- og lá bókstöfum og er hvert máhljóð tekið fyrir á hverri síðu eða opnu í bókinni. Hvert máhljóð hefur einnig ákveðið tákni en það getur auðveldað börnunum að læra máhljóðin þegar þau tengja hljóðin og táknið saman. Með hverju máhljóð fylgja einnig stuttar sögur og vísur. Í sögunum er lagt áhersla á að



hljóðið komi fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar bjóða einnig upp fjölbreyttan orðaforða sem ýtir undir það að börnin auðgi orðaforða sinn.

Á Klömbrum eru allar deildir sem taka fyrir sama máhljóð fyrri í hverri viku. Þá er börnunum kennt tákinn og vísurnar sungnar. Það er síðan mismunandi eftir deildum hvernig vinnu er unnið með Lubbaefnið, sumar deildir eru með ákveðnar Lubbastundir meðan aðrar deildir flétta Lubbaefninu inn í samverustundir. Lubbaefnið býður upp á fjölmarga möguleika og tækifæri til að vinna með máhljóðin á mismunandi hátt og er það síðan hver og ein deild sem skipuleggur frekar hvernig skal vinna með Lubbaefnið inn á sinni deild.

2.8 Umbóta þættir skólaárið 2023-2024

Haldið verður áfram með að meta svipaða þætti næsta skólaár, þetta eru þættir sem snúa að stjórnun, uppeldis og menntastarfi, leikskólabrag og innra mati. Leitast verður eftir því að efla starfið í skólanum samhliða þessum umbótum.

2.8.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: Með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Fundur: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi



Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri Tímalengd:

Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

2.8.2 Uppeldis og menntastarf

Aukinn áhersla á elstu börnin: Að elstu börnin fái fleiri námstækifæri

Tækifæri til umbóta: Gert verður sér svæði fyrir elstu börnin

Ábyrgð: Deildastjóri Dals og aðstoðarleikskólastjóri Tímalengd:

Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og maí einnig verður verkefnið metið í gegnum foreldrasamtöl. Samtal með elstu börnum eftir áramót

Viðmið um árangur: Viðmið er að það skapist meiri vinnufriður og fleiri námstækifæri fyrir elstu börnin

Verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál

markvissariÁbyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí. Viðmið

um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum

2.8.3 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Tímalengd:

Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur



2.8.4 Innra mat

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar Tímalengd: undir lok skólaárs 2024.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2024-2025.

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum.

2.8.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða.

Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfseflingu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Lubbi

Viðmið að þjálfa íslensk mállhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.



Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

2.9 Innra mat leikskólastjóra

Umbótaþættir skólaárið 2022-2023

Ákveðnir þættir verða teknir fyrir aukalega þetta skólaár og það eru þættir sem snúa að stjórnun, uppeldis og menntastarfi, leikskólabrag og innra mati. Leitast verður eftir því að efla starfið í skólanum samhliða þessum umbótum.

2.9.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: Deildastjórar hafa rætt það í sínu endurmati að upplýsingaflæði milli stjórnenda og milli stjórnenda sé almennt mjög gott. Þó hefur verið bent á það að upplýsingar berist ekki alltaf til starfsmanna. Auk þess eru starfsmenn stundum að vinna á milli deilda og þá fara þeir stundum á mis við upplýsingar. Þær leiðir sem hafa verið teknar upp til að bæta þennan þátt er t.d. að sett hefur verið upp svæði á Workplace þar sem starfsmenn eiga að geta nálgast áriðandi upplýsingar. Starfsfólk leikskólans Klambra er með Facebook síðu þar sem upplýsingum er komið áleiðis. Einnig eru fundargerðir af deildarfundum prentaðar út og settar á töflu í starfsmannarými. Ef það þarf að eiga samtal um einhver áriðandi málefni þá eru allir starfsmenn boðaðir á stuttan fund þar sem farið er yfir upplýsingarnar, þær prentaðar út og svo eru þær til sýnis á töflu.

Fundur: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingaflæði



Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið? Sett var upp stundatafla þar sem allir fundir eru settir upp á ákveðin á ákveðnum tíma. Það er mismunandi eftir deildum hvernig þeim gekk að halda deildafundi. Stjórnendafundum var ekki oft frestað. Reynsla síðasta ár sýnir fram á það að mikilvægt er að hafa fundarskipulag til að fara eftir.

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri Tímalengd:
Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið: Mannabreytingar hafa haft áhrif á það að skipulag fyrir undirbúning hefur legið fyrir að hausti. En þörf hefur verið á að breyta þessu skipulagi ítrekað vegna færslu á starfsfólki á milli deilda og vegna mannabreytinga.

2.9.2 Uppeldis og menntastarf

Aukinn áhersla á elstu börnin: Að elstu börnin fái fleiri námstækifæri

Tækifæri til umbóta: Gert verður sér svæði fyrir elstu börnin

Ábyrgð: Deildastjóri Teigs og aðstoðarleikskólastjóri Tímalengd:
Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og maí einnig verður verkefnið metið í gegnum foreldrasamtöl. Samtal með elstu börnum eftir áramót

Viðmið um árangur: Viðmið er að það skapist meiri vinnufriður og fleiri námstækifæri fyrir elstu börnin

Hvernig hefur þetta gengið: Þetta verkefni hefur verið ákveðin áskorun, bæði vegna húsnæðis auk þess sem lítil starfsmannþörf er metin fyrir 5 ára börn. En það skal tekið fram að reiknað er með einum starfsmanni fyrir 8 börn á þessum aldri. Lagt var upp



með að hægt yrði að fara í fleiri ferðir og að verkefnin yrðu fjölbreyttari. Það sem hafði töluverð áhrif í vetur er að veðurfar var ekki gott. Það var almennt kalt sem hamlaði útiveru töluvert. Verkefni urðu þó fjölbreyttari fyrir þennan aldurhóp með því að vera með eigið rými. Rýmið sem notast var við fyrir deildina var óheppilegra en vonað var. Búið er að hafa samband við Reykjavíkurborg að setja upp millivegg í rýmið. Ef ekkert verður af því þá verða settar upp hljóð dempanði gardínur til að minnka hávaða á matmálstímum.

Verkefnastjóri fjölmenningar: Ráðin hefur verið verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí. Viðmið

um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að

aðlagast umhverfinu í leikskólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Það hefur gengið á ýmsu varðandi þetta verkefni skólaárið 2022-2023. Fyrst hætti kennarinn sem hafði verið ráðin í verkefnið. Fundinn var staðgengill til að vinna verkefnið og reyndist verkefnið mjög viðamiklegt þar sem rúmlega 50 % nemenda í leikskólanum eru með íslensku sem annað mál. Það var stöðugt samráð við miðju máls og læsis varðandi verkefnið þar sem starfsmaður þeirra kom inn með leiðsögn. Unnið var mjög markvisst, útbúið var sérherbergi fyrir þetta verkefni og var það nýtt daglega til skipulagðrar kennslu. Þess má þó geta að ekki fylgi mikið fjármagn með þessu verkefni en fjármagnið sem kom nægði ekki til að manna 100% starf í rúman mánuð. Þess má geta allir leikskólar sem tóku þátt verkefninu fengu saman peninginn. Peningaupphæðin fór ekki eftir hversu hátt eða lágt hlutfall barna af erlendum uppruna er í leikskólanum.

2.9.3 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.



Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2023

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Þetta verkefni hefur gengið frekar vel.

Starfsmannahópurinn er þéttari en hefur verið. Hér hefur skapast góð vinnustaðamenning þar sem virðing í samskiptum er haft í leiðarljósi.

Um 18 starfsmenn fóru til Stokkhólms í námsferð á vormánuðum og gekk ferðalagið vonum framar.

2.9.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða.

Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.

Það er mat leikskólastjóra að vel hafi gengið að innleiða þennan þátt. Tekið hefur verið á starfsmannamálum sem upp hafa komið og unnið almennt með samskipti með því að eiga í virku samtali innan starfsmannahópsins.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfseflingu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Þróunarverkefni Reykjavíkurborgar fléttast inn í leikskólastarfið. Við höfum verið að notast við gátlista menntastefnunar til að skoða skólastarfið í leikskólanum. Þessi vinna hefur verið unnin í markvisst í vetur.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Það er mjög mismunandi hve vel hefur gengið á deildunum að halda uppi Blæ starfinu.

Þó má minnast á það að verið er að hlusta á tónlistina sem fylgir Blæ á öllum deildum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.



Þessum þætti hefur verið mjög vel sinnt í vetur. Starfsmenn eru almennt mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að kenna íslensku. Við höfum verið í samvinnu við miðju máls og læsis og fengið þaðan fræðslu fyrir starfsfólk.

Lubbi

Viðmið að þjálfra íslensk máhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og Lubbi er mjög skemmtilegt verkefni sem tekið var inn á haustönn 2022. Allir starfsmenn sóttu mjög skemmtilegt námskeið. Námsfnið er mjög aðgengilegt og það hefur verið auðvelt fyrir starfsfólk að nýta sér það í starfinu.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

Tónlistarkennslan hefur verið mjög markviss og gengið vel. Myndlistin hefur færst inn á deildar og hefur það verið skemmtilegt að sjá hversu fjölbreytt verkefnin hafa verið. Hreyfinginn hefur verið bæði úti og inni. Notast hefur verið við salinn inni þegar veðrið hefur verið leiðinlegt. Einnig hefur verið reynt að samþætta tónlist, hreyfingu, upplýsingatækni og myndlist, með því að vera með verkefni sem taka á þessum þáttum. Í upplýsingatækni var mikið notast við samstarf við Mixtúru sem er deild innan Háskóla Íslands sem er nokkurskonar tækni leikfanga safn þar sem hægt er að nálgast kennslufni fyrir upplýsingatækni.

2.10 Ytra mat

Í fyrri starfsáætlun var lagt upp með að gera könnun meðal starfsmanna á líðan í vinnunni. Með það að markmiðið að fylgjast með starfsánægju með það að leiðarljósi að draga megí úr veikindum með betri starfsánægju.




Á vormánuðum var sett inn á starfsmannavef á Facebook hlekkur á nafnlausu könnun þar sem starfsmenn voru spurðir út í líðan á vinnustað og starfsanda. Auk þess var gefið tækifæri á að koma athugasemdum á framfæri. Í niðurstöðum könnunar kom fram að þeir starfsmenn sem svöruðu könnunni, svöruðu allir að þeim liði vel í vinnunni og að starfsandinn væri góður. Það voru svo nokkrar athugasemdir sem komu fram: meiri útivera, meira rími, að skilaboð komist betur til skila, að kennarar skipuleggi fleiri verkefni fyrir börn, o.fl.

2.10.1 Viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla


Í nóvember sl. var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk til að eiga samtali um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað með það að markmiði að efla vinnustaðinn enn frekar. Leikskólinn Klambrar kom vel út úr þessari könnun og eru hér birtar tvær myndir af niðurstöðum. Þess má geta að kvarðinn er frá einum upp í fimm.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Leikskólinn Klambrar



Leikskólinn Klambrar



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

2.10.2 Niðurstöður þjónustukönnunar foreldra

Þjónustukönnun var lögð fyrir foreldra á vegum skóla og frístundasviðs

Reykjavíkurborgar. Sambærileg könnun er lögð fyrir á hverju ári til að hafa samanburð milli ára og til að skoða hvað megi betur fara í þjónustunni. Könnunin var rafræn og fór fram í apríl 2023. Sent var til foreldra barna á Klömbrum og svarhlutfallið var 77,1%.

Niðurstöður svara eru því marktækar.

Einkunn fyrir hvern lið er gefin á bilinu 1-5 og er hærri einkunnin jákvæðari niðurstaða.

Niðurstöður eru bornar saman við meðaltal.



Heildaránægja með leikskóla

4,57^{4,50}
heild

Þegar heildaránægja foreldra er skoðuð samkvæmt svörum þá má sjá að foreldrar á Klömbrum eru almennt ánægðir með leikskólann. Þar sem meðaltal leikskóla í Reykjavík er 4,50 en Klambrar skora 4,57.

Vingjarnlegt andrúmsloft

4,54^{4,59}
heild

Einnig upplifðu foreldrar vingjarnlegt andrúmsloft í skólanum. En leikskólinn Klambrar er svipaður og meðaltal annara leikskóla í Reykjavík

Tel barnið mitt vera öruggt

4,56^{4,60}
heild

Þegar kemur af upplifunum foreldra varðandi öryggi barna þeirra þá var upplifun foreldra jákvæð og var um 91,2 % foreldra sem töldu börnin sín vera örugg í skólanum. Af þessum

svörum er hægt að sjá mikið traust foreldra til skólans.

Skólanum er vel stjórnað


4,50^{4,35}

Það má greina í svörum foreldra að þeir beri mikið traust til stjórnenda leikskólans þar sem leikskólinn Klambrar er yfir meðaltali leikskóla í Reykjavík er kemur að þessum lið.


Námstækifæri barna

Foreldrar voru spurðir spurninga varðandi það hvort þeim fyndist starfsfólk leikskólans vera styðjandi við barnið þeirra í leikskólastarfinu. Af svörum foreldra má sjá að almennt upplifa foreldrar það að starfsmenn séu styðjandi. Þess má geta að

mælikvarðinn er frá 1-5 og meðaltal fyrir þessa spurningu er 4,54 yfir heildina í leikskólum Reykjavíkur. Hafið í huga að ekki er mikil munur milli súlanna.




Varðandi líðan barna í leikskólanum þá virtist það koma einnig vel út úr könnunni, meðaltal fyrir Reykjavík var 4,60 í heildina. Það má því draga þá ályktun út frá könnunni að foreldrar almennt telja að börnum sínum líði vel í leikskólanum.




Aðgangur að efnivið virðist einnig góður en meira en 80% foreldra svöruðu því að barn sitt hefði góðan aðgang að opnum efnivið til að nýta í leikskólanum.






Mikil áhersla hefur verið lögð á sjálfseflingu og sjálfstraust í starfinu í skólanum í vetur, af svörum foreldra þá virðist sú vinna hafa skilað sér þar sem meira en 80% foreldra upplifa þessar áherslur í starfinu í leikskólanum.




Upplifanir foreldra


Samvinna við foreldra er okkur mikilvæg. Viðhorf foreldra skipta máli til að hægt sé að efla starfið í leikskólanum. Í viðhorfskönnun var spurt út í ýmis atriði sem koma að upplifun foreldra á starfinu. Það var t.d. meira en 90% foreldra sem upplifðu það að starfsfólk þekkti til þarfa barna þeirra og teljum við það hlutfall vera mjög gott.




Þegar kemur að aðbúnaði barna á Klömbrum þá voru foreldrar almennt ánægðir og yfir 86% foreldra svöruðu um að aðbúnaður barna í leikskólanum væri góður.



Varðandi faglegt starf í leikskólanum og spurningum tengdum því þá virðist sem foreldrar séu almennt ánægðir með þau svör sem þeir fá en 90% segjast fá svör um faglega starfið.




Samkvæmt könnun hafa foreldrar hafa mjög jákvæða upplifun af viðmóti starfsfólks og eiga í mjög góðum samskiptum við starfsfólk skólans.




Einnig upplifa foreldrar gott viðmót starfsfólks gagnvart börnunum í skólanum.






Um 92 % foreldra svöruðu að þau upplifðu vinalagt viðmót og gott andrúmsloft í leikskólanum.




En heildar ánægja mældist 4,57 sem er góður árangur þar sem heildaánægja mælist yfir meðaltali leikskóla Reykjavíkur.




Það sem betur má fara

Eins og yfirleitt þá er ýmislegt sem má betur fara og hugsanlega sumt sem við hefur fallið milli hluta hjá okkur í vetur. Niðurstöður foreldrakönnunar er í takt við það sem stjórnendur leikskólans upplifa. Það sem má betur fara eru þættir sem búið er að reyna að vinna í síðasta skólaár og hugsanleg eru þarna leifar af því ástandi sem varði í samfélaginu á árunum 2020-2022. Þessir þættir snúa flestir foreldrasamstarfi og aðgengi foreldra að leikskólanum. Einn af þessum þáttum er, ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum. (Meðaltal 3,88 og heildarmeðaltal 3,86).




Samkvæmt þessu eru töluvert af foreldrum í okkar foreldrahópi sem leitar ekki til okkar varðandi ráðgjöf vegna hegðunar og heilsu barna sinna.


Næsta atriði snýr einnig að foreldra samstarfi en spurt er hvort leikskólinn hvetji foreldra til þátttöku í leikskólalastarfinu. Á þessum svörum má sjá að foreldrar eldri barnanna virðast ekki upplifa sömu hvatningu og foreldrar yngri barnanna. (Meðaltal 3,78 og heildarmeðaltal 3,98).



Svo er næst hvort leikskólinn leiti til foreldra eftir tillögum og hugmyndum. (Meðaltal 3,44 og heildarmeðaltal 3,20).



Svo er komið að því hvort foreldrar séu meðvitaðir um stefnu/áherslur og gildi leikskólans. (Hér var meðaltal 3,76 og heildarmeðaltal 4.04).



Eins og sjá má af þessum gröfum þá virðast foreldrar yngri barna meðvitaðri um þessa þætti og um aðgengi að leikskólanum og kennurum. Hægt er að velta fyrir sér hvort það ástand sem skapaðist í COVID hafi kannski haft þau áhrif að foreldrar eldri barnanna hafa ekki sömu reynslu og foreldrar barna sem upplifðu ekki COVID, þegar kemur að aðgengi að leikskólanum og kennurum. Einnig er mikilvægt að horfa til heildar myndar þar sem þessi atriði komu almennt verr út en aðrir þættir könnunarinnar þegar horft er til meðaltal svara fyrir leikskólann Klambra annarvegjar og til heildar svara fyrir leikskóla í Reykjavík. En miðað við heildar meðaltal svara fyrir Reykjavík þá koma þessi atriði ekki illa út fyrir leikskólann Klambra. Mögulega þarf að vera með meiri fræðslu til foreldra varðandi aðgang að leikskólanum og þá möguleika sem foreldrar hafa til að hafa áhrif á starfið í leikskólanum.

Innra mat barna í leikskólanum

Gerð var könnun meðal barna á deildum um það hvernig þeim líður í leikskólanum sínum. Börnin voru spurð „hvernig er í leikskólanum“. Orð barnanna voru sett upp í orðaský.



Börnin ræddu ýmsa þætti skólastarfsins eins og matinn, útiveruna, um kennarana sína og vini.

Á útskrift elstu barnanna var svo útbúið myndband þar sem börnin fengu tækifæri að segja frá því sem þeim finnst skemmtilegast í leikskólanum. Því sem er leiðinlegast og hvaða matur sé bestur. Myndbandið var sýnt í útskrift.

3 Innra mat deilda fyrir skólaárið 2022-2023

3.1 Hlíð

Umbótaþættir

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: Við höfum náð að hafa 30 mín deildarfundi í næstum hverri viku það munar rosa miklu fyrir samstarfið.

Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins Viðmið

um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel hefur ekki oft verið frestað.

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggja fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið: Undirbúningur hefur ekki náðst vel, höfum komist sjaldan í undirbúning, börnin ganga að fyrir.



Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2023

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel erum að hjálpa börnunum að leika saman, læra að virða sín mörk og líka að virða mörk annara. Mikilvægt er að kennarar tali saman, séu jákvæðir, finni lausnir saman og allir hjálpist að.

3.1.1 Uppeldis- og menntastarf

Verkefnastjóri fjölmenningar

Verkefnastjóri fjölmenningar: Ráðin hefur verið verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí. Viðmið

um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að

aðlagast umhverfinu í leikskólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Verkefnastjóri hefur verið að leiðbeina starfsfólki deilda meðal annars með því að gera lista yfir orð og setningar sem allir starfsmenn eiga að nota til að hjálpa börnunum að læra tungumálið.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2022-2023: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar Tímalengd:

undir lok skólaárs 2023.



Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel þó alltaf megi bæta. Myndlist, tónlist og hreyfing hefur verið flott. Verið er að gera planið aðeins hnitmiðaðra til að allt haldist inni í vikuplaninu líka Lubbi og Blær. Það hefur helst verið Blær sem hefur ekki náðst að hafa en við vorum byrjuð og núna er að halda áfram.

Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Við á Hlíð erum byrjuð að vera með Blæ stund t.d. hlustum á lögin syngjum og dönsum með. Við erum líka byrjuð á æfingastundum þar sem er hlustað á ákveðið lag og verkefni gert sem fylgir laginu. Nuddstundir eru líka að byrjaðar. Stundum finnst nokkrum börnum gott að sofa með Blæ. Börnin leika sér líka með Blæ og eru stundum að gefa hvort öðru Blæ. Þurfum að passa að það haldist að hafa Blæstund allavega einu sinni til tvisvar í viku

Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Það er mikið verið að lesa og skoða bækur með börnunum. Vð notum loðtöflusögur á hverjum degi. Erum að byrja með tákni með tali og mikilvægt er að leggja orð á alla hluti.

Lubbi.

Viðmið að þjálfari íslensk máhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Við erum byrjuð á fullu með Lubba og erum með sama staf og hinar deildirnar í hverri viku. Stundum veljum við auðveldara orð vikunnar sem hentar þeim. Á hverjum degi erum með stutta Lubbastund þar sem við skoðum Lubbabókina, horfum á Lubbamyndband á Youtube og syngjum.



Tónlist.

Alessandro tónlistarkennari kemur inn á deild með skemmtileg tónlistarverkefni, og er einnig með skemmtileg tónlistarverkefni í sal. Einnig er mikið sungið, dansað og hlustað á tónlist inn á deild.

Myndlist.

Börnin hafa verið mikið að mála með fingrum, penslum, svömpum og fleiru. Vatnslita. Teikna með mismunandi litum, við setjum oft stórt blað á gólfið fyrir börnin að teikna á og það er góð æfing fyrir þau að liggja á gólfinu og teikna einnig samvinna að vera mörg að teikna á sama blaðið. Börnin verið að klippa blöð og líma. Einnig eru börnin að fara að æfa sig að klippa leir.

Hreyfing.

Útivera. Kerruferð, erum að byrja að fara í stuttar gönguferðir. Íþróttastund inn á deild. Gerum nokkrar Yoga stöður á hverjum degi. Syngjum mikið af lögum með hreyfingum. Alessandro með tónlistar hreyfistund.

3.2 Holt

Umbótaþættir skólaárið 2022-2023

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: Það er miklu betra en í fyrra. Allir eru miklu jákvæðari og ánægðari með að deila upplýsingum. Reglulegir fundir hjálpa til við upplýsingaflæði.

Fundir

Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði



Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: Stöðufundir eru reglulegir. Föstudagsfundir eru mjög mikilvægir, allir eru mjög hjálpsamir. Jafnvel þó að einhver geti ekki verið þar - er ekkert mál að spyrja seinna.

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri Tímalengd:

Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

